

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

Rósa Guðbjartsdóttir, formaður

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundabjónustu

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir

Háttvirtu viðtakendur

Með bréfi þessu vilja skólastjórar við grunnskóla Hafnarfjarðar óska formlegrar svörunar við bréfi frá 15.02.2017. Það bréf snérist um kjaramál stjórnenda, deildarstjórn stoðþjónustu og skrifstofustjórn. Við fyrra bréf viljum við bæta við neðangreindum athugasemdum.

Launamál skólastjórnenda

Brugðist var við nauðsynlegum kjarabótum til stjórnenda í kjölfar kjarasamnings kennara á sínum tíma. Nú stendur fyrir dyrum umræða og samningalota um nýja kjarasamninga kennara. Skólastjórnendur vilja ítreka að samhengi þarf að vera á milli nýrra kjarasamninga kennara og launa skólastjórnenda. Við viljum því minna stjórnendur sveitarfélagsins á að hafa það í huga í komandi kjaraviðræðum, þrátt fyrir að kjarasamningar skólastjórnenda renni ekki út fyrir en á árinu 2019.

Deildarstjórn stoðþjónustu

Það er kunnara en frá þurfi að segja að nemendahópurinn í grunnskólum Hafnarfjarðar er margbreytilegur. Það kom mjög skýrt fram í starfshópi sem í sátu trúnaðarmenn, skólastjórnendur og starfsfólk fræðsluviðs að nauðsynlegt væri að ná betur utan um þennan fjölbreytta og krefjandi hóp.

Einhverjir skólar hafa búið til misstórt hlutfall stjórnanda stoðþjónustu með því að klípa af öðrum þáttum skólastarfsins. Með öðrum orðum dregið úr þjónustu eða gæðum hennar með því að setja fjármagn í þennan lið.

Það er jafnljóst og þegar fyrra bréf var ritað að nauðsynlegt er að fjármagn fylgi nýrri fjárhagsáætlun til að ráða inn í grunnskólana deildarstjóra stoðþjónustu hvers skóla.

Skrifstofustjórn

Ekkert hefur breyst varðandi þá skoðun okkar og rökstuðning varðandi rekstur skrifstofu á okkar stóru og umfangsmiklu vinnustöðvum.

Ítrekum við því ósk okkar hér að við þessu verði brugðist í nýrri fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar.

Starfshópur

Eins og minnst er á fyrir í þessu bréfi var starfandi starfshópur trúnaðarmanna í grunnskólum, skólastjórnenda og starfsmanna af fræðslusviði. Hópurinn setti fram ýmsar tillögur um úrbætur á vinnuumhverfi grunnskólanna. Ekkert hefur heyrst af viðbrögðum yfirvalda við tillögum starfshópsins.

Einhverjum tillögum gátu skólarnir hrint í framkvæmd með litlum eða engum tilkostnaði. Aðrar tillögur gerðu hins vegar ráð fyrir fjármagni. Því er ljóst að afgreiða þarf tillögur starfshópsins áður en vinnu við fjárhagsáætlun lýkur.

Með von um jákvæð viðbrögð skólastarfi í Hafnarfirði til heilla.

Virðingarfyllt,

Haraldur Haraldsson

Skólastjóri Lækjarskóla

Hrönn Bergþórsdóttir

Skólastjóri Víðistaðaskóla

Ingibjörg Magnúsdóttir

Skólastjóri Skarðshlíðarskóla

Kristinn Guðlaugsson

Skólastjóri Hvaleyrarskóla

Lars J. Imsland Hilmarsson

Skólastjóri Hraunvallaskóla

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri Áslandsskóla

María Pálmadóttir

Skólastjóri Setbergsskóla

Valdimar Víðisson

Skólastjóri Öldutúnsskóla